

varnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Edwalds Ragnars-
sonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.00.

Föstudaginn 24. marz 1972.

Nr. 27/1972. **Ákærvaldið** (Hallvarður Einvarðsson,
settur saksóknari ríkisins)

gegn

Hans Elíasen

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaráttardómarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,
Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur
Jörundsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ný gögn, þ. á m. bréf saksóknara ríkisins, dags. 8. þ. m., til prófessors Jóns Steffensens og svarbréf prófessorsins, dags. 13. s. m. Í bréfi saksóknara ríkisins segir m. a. um blóðsýni það, er í málinu getur, „... er þess farið á leit, að þér látið þessu embætti í té upplýsingar — ef tiltækar eru — um umbúnað sýnishorns þessa, þ. e. a. s. hvort nokkuð hafi verið athugavert við hann eða sýnishornið yfirleitt, og ennfremur hvaða áhrif það kynni að hafa haft á áfengismagn í sýnishorninu, ef glasið hefði verið látið standa opið í 2—3 klukkustundir“. Bréf prófessors Jóns Steffensens er svohljóðandi: „Viðvíkjandi bréfi yðar, dags. 8. marz 1972 (VS/SJ M. 1488/70), vil ég taka eftirfarandi fram: Með bréfi, dags. Ólafsvík 22. júní

1970 og undirrituðu af Guðfinni S. Sigurðssyni, var beiðzt rannsóknar á þrem meðfylgjandi blóðsýnum merktum nr. 11/1970, nr. 12/1970 og nr. 13/1970.

Við ekkert þessara sýna hefur verið gerð athugasemd í rannsóknarplöggum rannsóknarstofunnar, en það er regla að gera, sé eitthvað athugavert við frágang blóðsýna, útlit blóðsins eða ef annarleg lykt er af því.

Það, að blóðsýni standi opið 2—3 klukkustundir, myndi hafa þau áhrif að minnka magn reducerandi efna í blóðinu“.

Í skýrslu Guðfinns Sigurðar Sigurðssonar lögregluvarðstjóra, sem gerð var skömmu eftir handtöku ákærða, segir m. a. um öndunarsýni: „Öndunarsýni sýndi þriðja stig“.

Valtýr Júlíusson lögreglumaður, er kom að bifreið ákærða, þegar hann var handtekinn, ber, að ákærði hafi þá verið sjáanlega með áhrifum áfengis.

Að því athuguðu, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 8.000.00.

Það athugast, að ekkert af vitnum þeim, er fyrir dóm komu, voru látin staðfesta vætti sín með eiði eða drengskaparheiti. Þá var vitnið Lúther Salómonsson lögreglumaður ekki kvatt til vitnisburðar í málinu, og vitnið Guðfinnur Sigurður Sigurðsson lögregluvarðstjóri var ekki spurt um sakarefni máls þessa, er það kom fyrir sakadóm. Óhæfilegur dráttur var á að senda blóðsýnið úr ákærða til rannsóknar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hans Elíasen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

19. október 1971.

Árið 1971, þriðjudaginn 19. október, var í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem háður var að Kjalvegi á Hellissandi af Benedikt Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 14/1970: Ákærvaldið gegn Hans Elíasen.

Mál þetta var af ákærvaldinu höfðað á hendur Hans Elíasen vélvirkja, Ytri-Hraundal í Hraunhreppi, dveljandi að Kjalvegi á Hellissandi, fæddum 25. janúar 1910 í Danmörku, fyrir að aka mánudagsnóttina 8. júní 1970 undir áhrifum áfengis bifreiðinni M 944 frá Hjarðartúni 7 í Ólafsvík áleiðis heim til sín að Kjalvegi, unz lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Hjarðartúns og Kirkjutúns.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku- leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Hans Elíasen, fæddur 25. janúar 1910, Jótlandi, Danmörku, hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Atvik málsins eru þessi samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum:

Laugardaginn 6. júní 1970 var ákærði að drykkju með kunn- ingjum sínum fram eftir nóttu og drakk þá talsvert magn áfengis. Daginn eftir var ákærði sæmilega fyrir kallaður, enda hafði hann sofið nokkuð um nóttina.

Þann dag neytti ákærði einskis áfengis, en fór akandi á bifreið sinni, M 944, til Ólafsvíkur og fór þar á dansleik um kvöldið. Eftir dansleikinn kvaðst ákærði hafa farið heim til Sigurgeirs Bjarnasonar, Hjarðartúni 7, Ólafsvík, og þegið þar nokkrum sinnum áfengi út í kaffi. Segir hann það verið hafa vodka og hafi hann fundið á sér breytingu, en ekki þó svo, að varhugavert væri við akstur.

Skömmu síðar kveðst ákærði hafa lagt af stað áleiðis til Hellis- sands í bifreið sinni, M 944, en hafði skammt farið, er lögreglan stöðvaði akstur hans.

Var þar á ferð Björn Jónsson, lögreglumaður í Ólafsvík, ásamt lögreglumönnum Guðfinni S. Sigurðssyni, Lúther Salómons-

syni, Valtý Júlíussyni og Hilmarí Júlíussyni, og gefur hann þá lýsingu á málavöxtum, að hann hafi verið á eftirlitsferð í lögreglubifreiðinni P 607 ásamt fyrrnefndum lögreglumönnum og hafi Guðfinnur Sigurðsson ekið. Þegar þeir sáu bifreið ákærða í akstri á mótum Kirkjutúns og Hjarðartúns, sagði Guðfinnur Birni að hafa tal af öikumanni og athuga, hvort ekki væri allt með felldu. Ákærði stöðvaði bifreið sína strax, þegar lögreglubifreiðin birtist. Björn kveðst hafa farið og talað við ákærða gegnum glugga bifreiðarinnar og taldi sig merkja áfengisáhrif á ákærða. Var því farið með ákærða í lögreglustöðina í Ólafsvík, og tók Guðfinnur þar af honum varðstjórnaskýrslu, en síðar var farið til héraðsdæknis í blóðtöku. Með í förinni var annar ölvaður maður, Þráinn Gústafsson, og var honum einnig tekið blóð. Segir Björn, að gengið hafi verið vel frá báðum blóðsýnunum og þau merkt og fengin Guðfinni, sem skyldi sjá um sendingu þeirra til rannsóknar í Reykjavík.

Björn segir, að ákærði hafi sjáanlega verið undir áhrifum áfengis. Í skýrslu Guðfinns fyrir dómi kemur og fram, að ákærði hafi verið sjáanlega undir áhrifum áfengis.

Vörn kom fram í máli þessu, og er því þar haldið fram, að blóðsýnið hafi verið opnað af Guðfinni og það látið standa opið og sé því ekkert sönnunargagn í málinu. Segir verjandi þessar upplýsingar komnar frá Valtý Júlíussyni lögreglumanni. Hefur Valtýr borið þetta fyrir dómara í skýrslu, sem hann gaf þann 20. apríl 1971, og segist hafa þetta eftir Guðfinni sjálfum. Þessum ásökunum hefur Guðfinnur eindregið neitað fyrir lögreglustjóranum á Keflavíkurlflugvelli, sem tók af honum skýrslu í þessu sambandi að beiðni embættisins hér.

Blóðsýnishorn það, sem tekið var úr ákærða umrætt sinn, hafði að geyma reducerandi efni, sem samsvara 1.40% af alkóhóli.

Þegar litið er á þá punkta, sem dregnir hafa verið fram, þykir fullsannað, að ákærði hafi gerzt brotlegur við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

Ákærði hefur játað að hafa neytt áfengis aðfaranótt mánudagsins 8. júní 1970 og ekið síðar sömu nótt bifreið sinni heim á leið. Verjandi ákærða heldur því að vísu fram, að Guðfinnur hafi misfarið með blóðsýnið og látið það standa opið.

Ekki þykir ástæða til að láta staðhæfingu þessa hafa áhrif á dóminn, enda hefði sú athöfn Guðfinns að láta blóðsýnið standa opið aðeins verið ákærða til hagsbóta, því að þá hefði hin redu-

cerandi efni rokið burt að nokkru leyti og blóðsýnið því gefið lægra alkóhólhlutfall við rannsókn en raunverulega var í blóði ákærða umrædda nótt.

Einnig þykir fullsannað með vætti vitna, að ákærði hafi sjáanlega verið undir áhrifum áfengis.

Að þessu athuguðu þykir refsing hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga samkvæmt 3. mgr. 80. gr., sbr. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr 45. gr. áfengislaga. Ákærði skal einnig samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá uppkvaðningu (sic) dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Hans Elíasen, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skúla Sigurðssonar lögfræðings, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1972.

Nr. 38/1972. Björn Pálmason

gegn

Guðrúnu Kristjánsdóttur og
Bæjarfógetanum í Kópavogi.

Dómendur:

hæstaráttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,
Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur
Jörundsson.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. marz 1972, er barst dóminum 14. s. m. Með tilvísun